

# Valgreinaval fyrir skólaárið 2017-2018

## Efnisyfirlit

Hópakerfi Garðaskóla .....	3
Ferðir .....	3
Valgreinar .....	4
Undanþágur frá valgreinum .....	4
Valið fyrir 2017-2018 í hnotskurn:.....	4
Að rækta líkamann drengir (ARD 3001) .....	5
Að rækta líkamann stúlkur (ARL 3001) .....	5
Afreksskóli Stjórnunnar og Garðaskóla (AFR 3003).....	6
Boðið til veislu (BOÐ 2001).....	6
Eðlisfræði (EÐL 2002) .....	7
Eldsnögg eldamennska (ELD 9001).....	7
Enska, fjölbrautaáfangar (ENS 2104).....	8
Enska, flugferð (ENS 9043) .....	8
Enska og kvikmyndir (EKV 3002) .....	9
Enska og Kvikmyndir 2 (EKV 2002) .....	9
Erasmus + - nemendaskipti (ERA 9002).....	10
Fatahönnun 9. bekkur (FAT 9001) .....	11
Fatahönnun 10. bekkur (FAT 2002).....	11
Félagsmálafræði (FÉL 3003) .....	12
First Lego league, keppnisval (LEG 2002) .....	12
Lærum að forrita (FOR 3002) .....	13
Franska (FRA 2001).....	14
Fornám að ökunámi (ÖKU 2001).....	14
Golf (GOL 3002).....	14
Göngur (GÖN 3001).....	14
Heilsuæði með heilsufæði (HMH 3001) .....	15
Heimspeki (HEM 3002).....	16
Hugleiðsla (HUG 3001) .....	16
Hönnun og tækni – drengir (HÖD 3001) .....	17
Hönnun og tækni – stúlkur (HÖS 3001) .....	17

Íslenska, flugferð (ÍSL 9044).....	17
Íslenska, fjölbrautaáfangi (ÍSL 2104) .....	18
Kvikmyndalæsi ( KVI 3002) .....	18
Legó forritun og hönnun (LEG 9002) .....	18
Leiklist (LEI 3002).....	19
Leir og gler og önnur skapandi vinna (LOG 3002) .....	20
Leshringur (LES 3001) .....	21
Líffræði (LÍF 2002).....	21
Lopapeysan (PRJ 3001).....	21
Málfræðigrunnur (MÁL 3001) .....	22
Myndlist (MYN 3002).....	22
Nemendaráðgjöf (NEM 3001) .....	23
Næringarfræði (NÆR 3001).....	23
Rytmísk hringekja (RYT 3001).....	24
Seinni heimsstyrjöldin (SHE 2001).....	24
Skartgripagerð og föndur í smíðastofunni (SKA 3001) .....	25
Skólahreysti (SKÓ 3001) .....	25
Slökun (SLÖ 2001 ).....	26
Smíði og nýsköpun (SMÍ 3002) .....	26
Stærðfræði, flugferð (STÆ 9044).....	27
Heimanám í stærðfræði (STÆ 3001) .....	27
Heimanám í stærðfræði (STÆ 3002) .....	27
Stærðfræði, fjölbrautaráfangi (Stæ 2104).....	28
Tækniráðgjafi og aðstoð í upplýsingaveri (TÆK 2001) .....	29
Verk- og listgreinaval Tækniskólans í Hafnarfirði (IÐN 2003).....	29
Þýska (ÞÝS 2002).....	30

## Hópakerfi Garðaskóla

Í 9. og 10. bekk í Garðaskóla er hópakerfi sem byggt er upp á áþekkan máta og áfangakerfi fjölbrautaskóla. Nemendur raðast í val- og skyldunámsgreinar eftir námslegum þörfum og áhuga í námi og stundatafla hvers nemanda er sniðin að hans óskum og þörfum. Hver nemandi þarf að sækja 24-25 kennslustundir á viku (hver kennslustund er 60 mínútur) og allir taka a.m.k. eina list- eða verkgrein í val á hvoru ári.

### Ferðir

Í fjórum kjarnagreinum (dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði) er nemendum raðað í hópa eftir frammistöðu/námsgetu og þessir hópar eru kallaðir ferðir. Fagkennarar raða nemendum í ferðir í hverri grein. Tekið er mið af námsmati að vori. Innan hvernar greinar eru sett ákveðin viðmið um þá hæfni nemenda sem gert er ráð fyrir að vinna með í hverri ferð. Ferðakerfið gerir skólanum kleift að mæta þörfum allra nemenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Nemandi getur verið í hægferð í ensku en flugferð í stærðfræði, allt eftir eigin getu og áhuga. Ferðakerfið er sveigjanlegt og nemendum gefst kostur á að flytjast milli ferða ef árangur þeirra breytist.

Skípt er í þrjár mismunandi ferðir en áherslumunur er á útfærslum eftir fagdeildum:

**Hraðferðir** miðast við nemendur sem hafa náð þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru fyrir árganginn í Aðalnámskrá grunnskóla, eru sterkir námsmenn í viðkomandi fagi og hafa metnað til að vinna vel í námsgreininni. Hóparnir eru fjölmennir og gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Fagdeildir útfæra hraðferðirnar á mismunandi hátt og í íslensku, stærðfræði og ensku eru þessir hópar nýttir til að ljúka yfirferð um námsefni grunnskólans í lok 9. bekkjar og vinna samkvæmt hæfniviðmiðum framhaldsskólans í 10. bekk:

- **Flugferðir í 9. bekk** eru í boði í ensku, íslensku og stærðfræði og miðast við duglega og afkastamikla nemendur sem sýna framúrskarandi hæfni. Í flugferðum ljúka þeir yfirferð um námsmarkmið 9. og 10. bekkjar í faginu. Þeir geta síðan sótt um nám í fjölbrautaáföngum í 10. bekk hafi þeir staðist kröfur um lágmarksárangur.
- **Fjölbrautaáfangar í 10. bekk** samsvara áföngum á hæfniprepi 2 í framhaldsskóla. Þá er hægt að stunda í ensku, íslensku, stærðfræði að afloknum flugferðum í 9. bekk. Einnig er hægt að taka fjölbrautaáfanga í náttúrufræði. Nemendur sem ljúka þessum áföngum geta fengið nám sitt metið til eininga við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og jafnvel fleiri skóla. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að nemendur stundi fjarnám við framhaldsskóla hafi þeir lokið grunnskólaprófi.

**Miðferðir og mið/hraðferðir** miðast við nemendur sem eru á réttu róli gagnvart hæfniviðmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Hóparnir eru mis stórir.

**Hægferðir** miðast við nemendur sem eiga nokkuð í land með að ná hæfniviðmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Farið er hægar yfir námsefni og meiri stýring er á vinnu nemenda. Hóparnir eru fámennir. Kennsluáætlun hægferðarhópa gerir oft ráð fyrir því að nemendur séu með frávík frá almennum námsmarkmiðum árgangsins. Ákvarðanir um aðlagð námsefni og námsmat eru ávallt teknar í samráði við forráðamenn nemenda.

## Valgreinar

Í 9. og 10. bekk gefst nemendum kostur á að velja sér valgreinar. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og miða við áhugasvið og framtíðaráform hans. Val fer fram í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Því miður er ekki hægt að verða við óskum allra en takmarkaður fjöldi kemst í hvern hóp. Mjög mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað svo ekki þurfi að gera breytingar eftir að búið er að útbúa stundatöflu fyrir hvern og einn.

Nemendur og foreldrar eru hvattir til þess að lesa vel þennan bækling og kynna sér upplýsingar um námsbrautir og inntökuskilyrði í framhaldsskóla á Menntagáttinni: <http://menntagatt.is/>. Námsráðgjafar veita ráðgjöf um námsval og einnig geta kennarar og stjórnendur aðstoðað nemendur og foreldra.

## Undanþágur frá valgreinum

Skv. Aðalnámskrá grunnskóla er skólustjóra heimilt að meta þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám í valgreinum á unglingsstigi. Í Garðaskóla er sótt um slíkt svigrúm á eyðublaði sem nálgast má á [heimasíðu skólans](#). Umsókninni þarf að fylgja staðfesting frá viðkomandi aðila á því starfi sem stundað er utan skólans. Skólinn metur að hámarki 2 kennslustundir á viku með þessum hætti.

**Umsóknum um undanþágur frá valgreinum skal skila í síðasta lagi 1. október á hverju ári.**

## Valið fyrir 2017-2018 í hnotskurn:

- Allir nemendur velja a.m.k. eina list- eða verkgrein (bundið val).
- Nemendur eiga að vera með 24-25 kennslustundir á viku í stundatöflu.
- Val um flugferðir og fjölbrautaáfanga er háð skilyrðum og samþykki viðkomandi fagdeildar.
- Valið fer fram í Námfúsi (<https://www.namfus.is/>) dagana 17.-28. febrúar.

## Að rækta líkamann drengir (ARD 3001)

Markmið og hæfnisviðmið með valfaginu er að nemandinn:

- öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. næringar, hreyfingar og þjálfunarpúls.
- taki þátt í hópverkefnum þar sem krafist er samvinnu við undirbúning og framkvæmd tíma og stjórn kennslustund
- kunni skil á helstu hugtökum þjálfraeðinnar, eins og mikilvægi upphitunar, þoli, krafti, hraða, samhæfingu og liðleika
- valfagið er kjörið fyrir þá sem hafa almennt áhuga á líkamsrækt

Kennslustaðir: íþróttahús, íþróttavellir, tækjasalur, kennslustofur vettvangsferðir

Námsmat byggir á virkni í tímum, verkefnaskilum og símat. Nemandi stýrir verklegum tíma og skilar tímaseðli

**Kennslustund er ein á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennari: Ólafur Gíslason.**

## Að rækta líkamann stúlkur (ARL 3001 )

Markmið og hæfnisviðmið með valfaginu er að nemandinn:

Öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. næringar, hreyfingar og þjálfunarpúls. Nemendum gefst tækifæri á að kynnast hinum ýmsu íþróttgreinum með eigin þátttöku. Farið verður í heimsóknir, tvær til þrjár yfir skólaveturinn. Við höfum t.d. heimsótt GKG og Veggssport.

Taki þátt í hópverkefnum þar sem krafist er samvinnu við undirbúning og framkvæmd tíma. Nemendur fá því innsýn inni hvernig það er að stjórna kennslustund. Valfagið er kjörið fyrir þá sem hafa almennt áhuga á líkamsrækt, einnig að nemandinn kunni skil á helstu hugtökum þjálfraeðinnar, eins og mikilvægi upphitunar.

**Kennslustaðir:** íþróttahús, íþróttavellir, tækjasalur, kennslustofur, vettvangsferðir.

**Námsmat:** byggir á virkni í tímum, verkefnaskilum og símat. Nemandi stýrir verklegum tíma og skilar tímaseðli/tímaskýrslu.

**Kennari:** Svandís Ríkharðsdóttir

**Kennslustund er ein á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk en ekki bæði árin**

## Afreksskóli Stjörnunnar og Garðaskóla (AFR 3003)

Stjarnan býður upp á afreksskóla fyrir hóp iðkenda í nokkrum deildum félagsins:

- fimleikadeild
- handknattleiksdeild
- knattspyrnudeild
- körfuboltadeild

Allir nemendur sem æfa með þessum deildum Stjörnunnar geta sótt um en takmarkaður fjöldi kemst að. Áfangarnir eru ætlaðir þeim sem hafa metnað og vilja til að æfa með afrekshópum félagsins. Kennt er 3 kennslustundir í viku; 1x bóklegur tími, 2x verklegir tímar.

Stjarnan mun halda sérstaka kynningu þar sem áfanginn verður auglýstur nánar fyrir iðkendur Stjörnunnar og forráðamenn þeirra.

Umsjónarmenn námskeiðanna eru yfirþjálfarar hjá Stjörninni.

**Kennslustundir eru þrjár á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Boðið til veislu (BOÐ 2001)

Kennd er matreiðsla mismundandi rétta, bæði einfaldra og flóknari ásamt réttum sem eiga uppruna sinn að rekja til annarra þjóða. Kennd er gerð aðal/smárétta og eftirrétta, einnig bakstur af ýmsu tagi, svo sem kökubakstur, tertubakstur og brauðbakstur. Lögð er áhersla á góðan anda og góðan mat.

### Kennslumarkmið

Nemandi:

- geti lesið úr uppskrift og unnið eftir verkferli hennar
- auki þekkingu, færni og leikni í heimilisstörfum.
- læri að tileinka sér og umgangast þau tæki og áhöld sem notuð eru við matreiðslu mismunandi rétta
- kynnist störfum í eldhúsi við undirbúning og matreiðslu ólíkra veislu- og skyndirétta
- fái innsýn í gerð bæði einfaldra og flóknari rétta svo sem kjötrétta, fiskrétta, smárétta, eftirrétta, brauð og kökubaksturs
- fái innsýn í að leggja mat fallega upp á disk svo maturinn njóti sín sem best hvað varðar litasamsetningu og mismunandi hráefni.
- kynnist mismunandi hráefni og læri að undirbúa og matreiða úr því
- tileinki sér þær reglur sem gilda um hreinlæti og við meðhöndlun mætvæla
- kynnist matarhefðum ólíkra þjóða með réttum og matreiðsluháttum

Námsmat byggir á símati og gefin er einkunn einu sinni í viku.

**Matsþættir:**

- Samvinna, sjálfstæði og ábyrgð
- Þekking, færni og frumkvæði
- Framkoma og hegðun
- Frágangur á vinnusvæði

**Pennan áfanga er eingöngu hægt að velja í 10. bekk**  
**Kennslustundir eru tvær á viku hálf t. skólaárið, einungis verklegt.**

**Eðlisfræði (EÐL 2002)**

Í þessum valáfanga verður mest áhersla á orku og orkunotkun. Fjallað er um helstu myndir orkunnar þ.e. stöðu- og hreyfiorku, varma, raforku, hljóð, ljós og kjarnorku. Einnig er fjallað um myndbreytingu orkunnar og lögmálið um varðveislu orkunnar. Þá verður rifjuð upp efnafræði frá því í 8.b. og nokkru bætt við. Nokkrum tíma verður varið í að kafa dýpra í námsefni 8. og 9. bekkjar auk verkefna tengdum umhverfis- og orkumálum.

Námsmat er byggt á prófum og verkefnum.

Valið hefur sýnt sig að nýtast vel öllum þeim sem hyggjast stunda nám á náttúrufræðibrautum framhaldsskóla sem og áhugafólki um tækni og vísindi.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á sem flestum þáttum náttúrufræðinnar og það nýtist honum til að taka afstöðu til ýmissa álitamála tengdum nýtingu og vernd náttúrunnar.**

**Námsmat: Próf að loknum hverjum námsþætti (kafla) auk mats á verkefnum og skýrslum.**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk.**

**Kennari/kennarar: Þorkell Jóhannsson**

**Eldsnögg eldamennska (ELD 9001)**

Matreiddir eru fljótlegir, einfaldir og næringarríkir réttir. Markmiðið er að gera nemendur færari í að matreiða á einfaldan máta og á stuttum tíma í stað þess að neyta tilbúinna skyndirétta eða versla tilbúnar kökur og brauð.

Markmið:

Að nemandi:

- auki þekkingu, færni og leikni í heimilisstörfum.
- geti lesið úr uppskrift og unnið eftir verkferli hennar.
- læri að tileinka sér og umgangast þau tæki og áhöld sem notuð eru við matreiðslu mismunandi rétta.
- kynnist störfum í eldhúsi við undirbúning ólíkra fljótlegra rétta.
- öðlist aukin tök og þekkingu í að matreiða á fljólegan hátt.
- læri um meðferð matvæla og samsetningu þeirra.
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða hollan og næringarríkan mat.

- Þjálfist í mismunandi baksturs og matreiðsluaðferðum.
- kynnist mismunandi hráefni og læri að undirbúa og matreiða úr því.
- tileinki sér þær reglur sem gilda um hreinlæti við matreiðslu og meðhöndlun matvæla.

Námsmat byggir á símati og gefin er einkunn einu sinni í viku.

#### **Matsþættir:**

- Samvinna, sjálfstæði og ábyrgð
- Þekking, færni og frumkvæði
- Framkoma og hegðun
- Frágangur á vinnusvæði

**Kennslustundir eru tvær á viku hálf t skólaárið, einungis verklegt.  
Þennan áfanga er eingöngu hægt að velja í 9. bekk.**

### **Enska, fjölbrautaáfangar (ENS 2104)**

Þetta val er ætlað þeim nemendum sem lokið hafa Ensku **9043** (flugferð). Námsmarkmið eru þau sömu og í ENSK1UB05 og ENSK2MS05 í Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Námsefnið, kennslubækur, kjörbækur og annað efni, er að langmestu leyti það sama. ENSK1UB05 er tekinn á haustönn og námsefni ENSK2MS03 á vorönn. Mikilvægt er að nemendur temji sér að skila verkefnum á skiladegi.

**Kennslustundir eru fjórar á viku.**

**Þennan áfanga er eingöngu hægt að velja í 10. bekk ef viðmiðum flugferðar í 9. bekk hefur verið náð.**

### **Enska, flugferð (ENS 9043)**

Nemendur taka námsefni 9. og 10. bekkjar á einum vetri og stefnt er að því að þeir ljúki grunnskólaprófi í ensku í lok skólaársins. Mikil áhersla er lögð á góða ástundun og að verkefnum sé skilað á réttum tíma.

Til að velja þennan áfanga þarf að fá ákveðna lágmarkseinkunn í 8. bekk og umsögn kennara. Miðað er við að nemendur sem ná lágmarkseinkunn í áfanganum fari í fjölbrautaáfanga í 10. bekk og læra þá sama námsefni og kennt er í áföngum ENSK1UB05 og ENSK2MS05 í fjölbrautaskólum.

**Kennslustundir eru þrjár á viku.**

**Þennan áfanga er eingöngu hægt að velja í 9. bekk.**



## Enska og kvikmyndir (EKV 3002)

Þessi valáfangi er ætlaður þeim nemendum sem vilja auka orðaforða sinn, þjálfra munnlega færni og ritun í gegnum afþreyingarefni þ.e. kvikmyndir og sjónvarpsefni á ensku. Skoðaðar verða ýmsir flokkar kvikmynda og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt. Nemendur vinna fjölbreytileg verkefni t.d. veggspjöld, kynningar, styttri ritgerðir og búa til stutt myndskreið. Nemendur afla sér einnig upplýsinga um einstaka kvikmyndir, sögu þeirra og gerð. Verkefnið verður því bæði skrifleg og munnleg.

### Markmið

- Að auka orðaforða og hlustunarfærni í ensku.
- Að vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt.
- Að þjálfra lesskilning og ritun
- Að auka færni í skipulagi og framsetningu efnis.

### Námsmat

Ýmis konar verkefnaskil eftir hverja lotu (leiðsagnar- og símat)

**Kennari:** Halla Thorlacius/Sigurður Stefán Haraldsson

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennslustundir eru tvær á viku.**

## Enska og Kvikmyndir 2 (EKV 2002)

Þessi valáfangi er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á að kynna sér hvernig saga enskumælandi landa birtist í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Viðfangsefnið tengjast menningu og ýmsum merkisatburðum í sögu þeirra þjóða sem hafa ensku að móðurmáli, ekki eingöngu Bretlands og Bandaríkjanna, heldur einnig Ástralíu, Nýja-Sjálands, Írlands, Kanada, og Suður-Afríku. Nemendur afla sér upplýsinga um viðfangsefnið, ræða þau og kynna hópnum munnlega og skriflega.

### Markmið

- Fá innsýn inn í sögu og menningu enskumælandi landa
- Að dýpka orðaforða og hlustunarskilning í ensku
- Að auka lesskilning og þjálfra ritunarfærni
- Að auka skilning og þekkingu á hvernig sagan hefur mótað menninguna og hvernig það birtist síðan í kvikmyndum
- Að taka afstöðu og tjá sig á gagnrýninn hátt um þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir

### Námsmat

Ýmis verkefnaskil eftir hvert þema (leiðsagnar- og símat)

**Kennari:** Sigríður Anna Ásgeirsdóttir

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 10. bekk**

**Kennslustundir eru tvær á viku.**

## Erasmus + - nemendaskipti (ERA 9002)



*This project is funded by the European Union.*

Þessi valáfangi er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á að taka þátt í evrópsku samstarfsverkefni með þýskum, grískum, finnskum, ítölskum og spænskum skólum. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu.

Nemendur sem taka þátt í þessum áfanga vinna að sameiginlegu verkefni þar sem að áhersla er lögð á sköpun og upplýsingatækni. Einnig verða þessir nemendur að í virkum samskiptum við jafnaldra sína í þáttökulöndunum í gegnum sameiginlegan samskiptaþráð (eTwinning). Auk þess ganga þeir fyrir í vali á þeim nemendum sem taka þátt í erlendum nemendaheimsóknum.

### Markmiðið

- Að fá innsýn í íslenska/evrópska menningu og menningararfleifð.
- Að auka orðaforða og hlustunarfærni í ensku.
- Að vinna með tungumálið á fjölbreyttan og skapandi hátt.
- Að ýta undir nýsköpun.
- Að auka færni í skipulagningu/framsetningu verkefnis.

### Námsmat

Þátttaka og virkni í tímum:

- Sköpun
- Skipulagning
- Samskipti
- Notkun á upplýsingatækni
- Framsetning efnis

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 9.bekk**

### Tímafjöldi

Ein kennslustund í viku

### Kennari

Halla Thorlacius/Sigríður Anna Ásgeirsdóttir

## Fatahönnun 9. bekkur (FAT 9001)

Markmið: Að nemandinn verði fær um að:

- beita helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu svo sem vélsaum, útsaum og prjón.
- skipuleggja eigið vinnuferli. Þ.e. gera lauslega uppdrætti/skissu að verkefni.
- nýta sér sniðblöð og handbækur við hönnun og útfærslu eigin hugmynda.
- útfæra hugmynd yfir í fullunnið verk. Geti skapað hlut út frá hugmynd.

Kennarinn sýnir nemendum hentugar vinnuaðferðir auk þess sem unnið er eftir vinnulýsingum úr bókum og blöðum. Nemendur eru hvattir til að hanna og skreyta verkefni sjálfir eftir eigin hugmyndum. Aðallega eru unnin vélsaumsverkefni þar sem saumaðar eru flíkur sem nemendur útfæra. Farið er yfir hvernig má endurnýta og breyta flíkum á skapandi hátt. Prjónaverkefni eru einstaklingsmiðuð og valin út frá þeirri hæfni sem fyrir er. Hægt er að velja viðfangsefni eftir áhuga hvers og eins og miðað við tvö verkefni á önn auk vinnubókar með tiskuteikningum, sniðum og fleira.

Við námsmat eru verkefni nemenda og allt vinnuferlið lagt til grundvallar. Einnig er tekið tillit til sjálfstæðra vinnubragða, góðrar umgengni og vinnusemi. Þeir sem velja tímaflek prjónaverkefni er ráðlagt að vinna heima. Fatahönnun 1 hentar jafnt strákum sem stelpum sem hafa áhuga á tísku og vilja getað útfært eigin hugmyndir. Nemendur velja sjálfir verkefni og kennarinn ráðleggur miðað við hæfni hvers og eins.

**Kennslustund er tvær á viku.**

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 9. bekk.**

## Fatahönnun 10. bekkur (FAT 2002)

Markmið: Að nemendur verði færir um að:

- Vinna með snið og uppskriftir.
- Nota sniðblöð, breyta sniðum eftir eigin hugmyndum og sníða.
- Taka líkamsmál, áætla stærðir og átta sig á efnisþörf.
- Vinna hugmyndavinnu og skreyta flík á skapandi og persónulegan hátt.
- Nýta margvíslega miðla til að nálgast upplýsingar.
- Greina sjálfbærni í tengslum við tísku og textíliðnað.
- Sjá um kynningu á hönnuði eða starfsgrein tengdri tísku eða fatagerð.

*Verkefni:* Á haustönn fá nemendur þjálfun í að vinna tiskuteikningar eftir eigin hugmyndum, vinna með einföld snið og sniðbreytingar og sníða og sauma. Áætlað er að lokið sé tveimur verkefnum á önninni.

Á vorönn er í boði að gera sér spariflík með árshátíð í huga. Nemendur vinna sjálfstætt að hönnun og útfærslu á flík með áherslu á hugmyndavinnu. Lokaverkefni sem tengist handverki og hönnun er unnið í hópavinnu og flutt í kennslustund. Farið verður á sýningu fatahönnuðar eða í vettvangsferð þar sem sýnd er íslensk hönnun.

Námsmat: Námsmat til grundvallar einkunnagjöf felur í sér atriði eins og sjálfstæði í vinnubrögðum, skilning og vinnusemi í kennslustundum, umgengni og fullunnar flíkur. Ferilmappa endurspeglar vinnu vetrarins. Aukið nám í fatahönnun hentar jafnt strákum sem stelpum sem hafa gaman af að hanna og sauma eða vilja læra það. Einnig þeim sem stefna á listnámsbrautir framhaldsskólanna.

**Kennslustundir eru tvær á viku.**

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 10. bekk.**

## Félagsmálafræði (FÉL 3003)

Félagsmálafræði er ábyrgðarmikil og krefjandi vinna og aðeins fyrir þá sem eru áhugasamir um öflugt félagslíf í skóla og félagsmiðstöð.

Þeim sem hafa áhuga á að starfa að félagsmálum næsta vetur er bent á að sækja um og verða umsækjendur boðaðir í viðtal. Athugið að valið er ekki frjálst heldur háð samþykki og samkomulagi við stjórnendur. Nánari upplýsingar eru hjá umsjónarmönnum Garðalundar.

**Kennslustundir eru þrjár á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## First Lego league, keppnisval (LEG 2002)

Nemendur vinna saman í 5-6 manna liði við að hanna og forrita Legóvélmenni. Hvert lið hefur 2 vélmenni til að vinna með. Liðið tekur þátt í First Legó league keppninni sem Háskóli Íslands stendur fyrir í nóvember. Keppnin gengur út á það að liðið leysir verkefni tengt þema keppinnar og býr til kynningu í tengslum við það. Einnig vinnur liðið að því að leysa þrautir með því að forrita vélmenni í fyrirfram hannaðri þrautabraut með það að leiðarljósi að ná að leysa sem flestar þrautir á 2,5 mínútum. Að keppni lokinni vinna nemendur að frjálsri sköpun og forritun vélmennis.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:**

- Auki samvinnufærni sína og sé virkur þátttakandi í liðinu
- Sé skipulagður og agaður í vinnubrögðum
- Æfist í að leyta lausna á vandamáli og leysa þau á tæknilegan hátt
- Átti sig á samhengi hlutana þegar kemur að því að leysa flóknar þrautir
- Sé úrræðagóður í sinni lausnarleit og sýni frumkvæði í verki
- Hafi gaman af því að skapa og sé frumlegur í hugsun.

**Námsmat:**

Námskeiðinu skipt upp í 4 lotur og nemandi fær bókstaf fyrir hverja lotu. Tekið er mið af hæfniviðmiðunum sem liggja til grundvallar hverju sinni. Einn lokabókstafur gefinn í lok annar.

**Kennari:** Ragnheiður Stephensen

**Kennslustund:** 4 klst á viku aðeins á haustönn (tvær klst í töflu og að auki tvöfaldur tími í lok dags fram að keppni sem fellur niður eftir keppnina í nóvember).

**Pennan áfanga er aðeins hægt að velja í 10. bekk**

**Lærum að forrita (FOR 3002)**

Nemendur læra að forrita í gegnum hugbúnað sem er að finna á netinu og nýta mest kennslumyndbönd við námið. Markmiðið er að gefa nemendum tíma og svigrúm til að læra sjálf að forrita með því að nýta sér allar þær upplýsingar sem er að finna á netinu og um leið að nemendur miðli þekkingu sinni sín á milli og hjálpist að við að finna lausnir á þeim þrautum sem verða á vegi þeirra. Í námskeiðinu er m.a. unnið aðeins í forritinu Alice (mismunandi hversu mikið eftir því hvort nemandi hefur unnið í forritinu áður), vefunum Code combat og Codecademy (þar sem nemendur þjálfast í JavaScript). Einnig verður farið í grunnvinnu í forritinu Unity sem er eitt af algengustu forritunum sem nýtt eru við gerð tölvuleikja.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:**

- Sýni sjálfstæði í vinnu og öguð vinnubrögð
- Læri grunninn í JavaScript
- Nái tókum á grunninum í Unity forritinu
- Efli þekkingu sína á forritun og skilning út á hvað hún gengur.
- Hafi gaman af því að skapa og sé frumlegur í hugsun.

**Námsmat:**

Námskeiðinu skipt upp í lotur eftir verkefnum og nemandi fær bókstaf fyrir hverja lotu. Tekið er mið af hæfniviðmiðunum sem liggja til grundvallar hverju sinni. Einn lokabókstafur gefinn í lok árs.

**Kennari:** Ragnheiður Stephensen

**Kennslustund:** 1 klst. á viku.

**Pennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk**

## Franska (FRA 2001)

Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn: Læri undirstöðuatriði í frönsku og kynnist franskri myndlist, tónlist og menningu.

Námsmat: Verkefnabók, munnlegar og skriflegar kynningar.

Kennari: Kristjana Sigursteinsdóttir

**Kennslustund: 1 klukkustund á viku.**  
**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk.**

## Fornám að ökunámi (ÖKU 2001)

Góður undirbúningur fyrir hefðbundið ökunám.

Námsþættir:

Hvernig skapast hættur í umferðinni og hvernig bregst maður við þeim?

- Hvaða reglur gilda í umferðinni?
- Fréttir, auglýsingar og áróður.
- Farið yfir hvernig hinir ýmsu hlutar bílsins virka.
- Öryggi og öryggisbúnaður.
- Hvaða réttindi og skyldur fáum við með ökuprófinu?

Námsmat: Verkefni og virkni í tímum.

**Kennslustundir eru tvær á viku hálf t. árið.**  
**Þessi áfangi er ætlaður 10. bekk.**

## Golf (GOL 3002)

Garðaskóli í samvinnu við GKG (golfklúbb) býður golfþjálfun sem valgrein. Námskeiðið er ætlað reyndum golfurum með það að markmiði að þjálfar sig enn betur. Þátttakendur þurfa að eiga sjálfir golfsett. Kennsla fer fram í Garðaskóla og á svæði GKG.

**Kennslustundir eru að jafnaði tvær stundir á viku, stundum er kennt í lotum og þá lengur í hvert skipti.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Göngur (GÖN 3001)

Í þessari valgrein er nemendum gefið tækifæri á að rækta sál og líkama í fallegu umhverfi.

Næsta nágreppi höfuðborgarsvæðisins er okkar aðalvettvangur. Gengið verður ýmist á sléttlendi eða upp um holt og hæðir.

Allir geta tekið þátt í göngunum sem farið verður í. Með öðrum orðum, ekki þarf að vera í

toppformi til að komast á leiðarenda. Það sem hins vegar þarf að hafa er jákvætt viðhorf. Göngurnar fara fram utan hefðbundins skólatíma, aðallega síðdegis á virkum dögum. Í einhverjum tilvikum gæti ganga því stangast á við skipulagða tómstundastarfsemi nemanda.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu eru að nemandinn geti:**

skilið mikilvægi góðrar ástundunar og tillitsemi tekið ákvarðanir á grundvelli umgengnisreglna sýnt ábyrgð í útivist, skýrt helstu tákni korta og ratað um landsvæði eftir korti sett sér markmið í samræmi við eigin getu

**Námsmat:** Byggir á þátttöku og viðhorfi nemanda, eitt verkefni unnið á hvorri önn.

**Kennarar:** Kristján Hrafn Guðmundsson og Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir

**Kennslustundir:** Teljast sem ein á viku en eru teknar í uppsöfnun á u.þ.b. þriggja vikna fresti.

**Pennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Heilsuæði með heilsufæði (HMH 3001)

Námskeiðið snýst um heilsu og hvernig hægt er með heilbrigðu lífni og jákvæðu hugarfari að gera líf okkar ennþá betra og ánægjulegra. Grunnatriði lýðheilsufræðinnar verða skoðuð og hvernig hægt er að auka lífsgæði með því að hugsa vel um heilsuna. Nemendur læra að matreiða eftir hollum uppskriftum. Fjallað verður um hvað einkennir hollan mat. Lærum að lesa aftan á umbúðir og hvernig hægt er að breyta uppskriftum til að gera þær heilsusamlegri. Búum saman til hollan morgunmat, heilsudrykki og heilsunasl. Þá verður slökun og hugleiðsla gegnum gangandi í þessum áfanga. Stefnt verður á að heimsækja áhugaverða staði sem að snúa að heilsu og heilbrigði.

**Markmið námskeiðsins er:** Að auka þekkingu nemenda á hvaða þættir hafa áhrif á heilsu, hvernig förum við að því að lifa heilbrigðara lífi. Getum við aukið lífsgæði okkar með því að hugsa vel um líkama og sál?

**Námsmat:** Eftir hverja kennslustund er gefin vinnueinkunn sem samanstendur af virkni í tímum og verkefnavinnu í tíma (símat). Nemendur skrifa dagbók þar sem að þeir skrá niður hvað gert var í tíma og þeirra upplifun af því.

Kennslustundir eru tvær á viku í eina önn. Pennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

**Kennarar:** Hulda Sigurjónsdóttir

**Kennslustund 2 stundir á viku.**

**Pennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Heimspeki (HEM 3002)

Markmið: Að nemendur fái þjálfun í heimspekilegri samræðu. Í slíkri samræðu eru ýmsir færniþættir þjálfaðir s.s. hlustun, gagnrýnin hugsun, skapandi hugsun, umhyggja og færni nemenda í að tjá hugsun sína.

Í heimspeki er aðaláhersla lögð á að nemendur taki þátt í gagnrýninni samræðu í tímum. Textar, kvikmyndabrot og listaverk verða lögð fram til að vekja upp spurningar. Nemendur taka þessar spurningar til gagnrýninnar umfjöllunar og draga ályktanir um efnið sjálft. Þeir þurfa líka að gagnrýna sína eigin hugsun og vinnu hópsins.

Byrjað verður á að kynna sígild viðfangsefni heimspekinnar, t.d. rökfræði, siðfræði og þekkingarfræði. Þegar líður á veturinn munu umræðuefni ráðast meira af áhuga hópsins. Dæmi um spurningar sem teknar hafa verið fyrir eru:

„Segja vinir hver öðrum alltaf allan sannleikann?“

„Hvað er tónlist?“

„Er hægt að hugsa ekki neitt?“

„Hvað er góður skóli?“

Stefnt er að því að nemendur vinni eitt stórt verkefni á skólaárinu þar sem þeir taka fyrir hugmynd að eigin vali og útfæra hana ítarlega. Lokaafurðin gæti verið t.d. kvikmynd, útvarpsviðtal eða ráðstefnuerindi.

Námsmat byggir að miklu leyti á virkni og frammistöðu nemenda í tímum. Vinnubók og önnur verkefni sem nemendur vinna gilda einnig til einkunnar, auk sjálfsmats.

**Kennslustund er ein á viku**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Hugleiðsla (HUG 3001)

Í áfanganum er markmiðið að nemendur nái að notfæra sér hugleiðslu í daglegu lífi.

Hugleiðsla nærir ímyndunaraflíð, kyrrir hugann, eflir og styrkir.

Kenndar verða aðferðir við öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfstyrkingu. Þessar æfingar ásamt öðrum verkefnum hjálpa nemendum að:

- Læra á hugsanir sínar og tilfinningar
- Sjá styrkleika sína og efla þá
- Styrkja sjálfsmynd sína og greina neikvætt áreiti
- Elta drauma sína
- Vera góður vinur
- Líða betur í eigin skinni
- Draga úr kvíða
- Nota öndun, slökun og hugleiðslu



**Námsmat:** leiðsagnarmat allt skólaárið og nemendur aðstoðaðir við eigið sjálfsmat.

**Kennari:** Auður Edda Geirsdóttir

**Kennslustund** --- 1 á viku. (kennt hálf t. árið)

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Hönnun og tækni – drengir (HÖD 3001)

Námsþættir: Hönnunarferlið og lausnamiðuð vinnubrögð í tengslum við Internetið, smáforritagerð (öpp), myndvinnslu, myndbandavinnslu, hljóðvinnslu og þrívíddarprentun. Einföld forritun sem birtist í t.d. textílhönnun, smáforritahönnun og vélmennahönnun.

Markmið er að nemendur kynnist því ferli sem einkennir hönnun á flestum starfrænum lausnum í nútíma samfélagi og læri að nýta upplýsingatækni til framsetningar á efni á skapandi hátt.

Eftir grunninnlög byggjast verkefnið að stórum hluta á áhugasviði viðkomandi nemanda. Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjálfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

**Kennari:** Hildur Rudolfsdóttir

**Kennslustund** er ein á viku.

**Drengir í 9. og 10. bekk geta valið þennan áfanga.**

## Hönnun og tækni – stúlkur (HÖS 3001)

Námsþættir: Hönnunarferlið og lausnamiðuð vinnubrögð í tengslum við Internetið, smáforritagerð (öpp), myndvinnslu, myndbandavinnslu, hljóðvinnslu og þrívíddarprentun. Einföld forritun sem birtist í t.d. textílhönnun, smáforritahönnun og vélmennahönnun.

Markmið er að nemendur kynnist því ferli sem einkennir hönnun á flestum starfrænum lausnum í nútíma samfélagi og læri að nýta upplýsingatækni til framsetningar á efni á skapandi hátt.

Eftir grunninnlög byggjast verkefnið að stórum hluta á áhugasviði viðkomandi nemanda. Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjálfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

**Kennari:** Hildur Rudolfsdóttir

**Kennslustund** er ein á viku.

**Stúlkur í 9. og 10. bekk geta valið þennan áfanga.**

## Íslenska, flugferð (ÍSL 9044)

Í áfanganum er farið yfir námsefni 9. og 10. bekkjar á einum vetri og stefnt er að því að nemendur ljúki grunnskólaprófi í íslensku í lok vorannar. Til að velja þennan áfanga þarf að fá ákveðna lágmarkseinkunn í 8. bekk og umsögn kennara.

Nemendur í þessum hópi fara í fjölbrautaáfangi í íslensku í 10. bekk og læra þá svipað námsefni og kennt er á 2. þrepi í fjölbrautaskólum.

**Kennslustundir eru fjórar á viku.**

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 9. bekk.**

## Íslenska, fjölbrautaáfangi (ÍSL 2104)

Fjölbrautaáfanginn í íslensku er framhald af flugferðaráfanga í 9. bekk. Námsefnið miðast við kennsluáætlun í fyrstu tveimur áföngum Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Nemendum býðst að taka lokapróf í FG við lok haustannar. Námsefni ÍSLE2MG05 er kennt á haustönn sem skilar fimm framhaldsskólaeiningum í íslensku.

Efni framhaldsskólans er lokið á haustönn en á vorönn er fengist við fjölbreytt verkefni í lotum. Verkefnin tengjast bókmenntum, ritun, yndislestri og kvikmyndalæsi.

**Kennslustundir eru fjórar á viku.**

## Kvikmyndalæsi ( KVI 3002)



**Lýsing:** Nemendur fá innsýn í hvernig

kvikmyndir eru byggðar upp, m.a. út

frá atburðarás og sköpun persóna. Um leið læra þeir að lesa í aðra þætti, eins og myndmál og tákni, sem nemendur geta nýtt sér til að skoða ýmislegt í sínu daglegu umhverfi með gagnrýnum og skapandi huga. Nemendur þurfa að vera reiðubúnir að skoða myndir og ræða með mjög opnum huga og færa rök fyrir máli sínu.

Teknir eru fyrir nokkrir af áhugaverðustu kvikmyndaleikstjórum sögunnar og horft á myndir frá ýmsum löndum. Markmiðið er að gefa nemendum eins mikla innsýn í töfra kvikmyndanna og völ er á um leið og þeir þjálfast í víðara samhengi í færni eins og myndlæsi og rökhugsun. Stefnt er að því að einn íslenskur kvikmyndaleikstjóri komi í heimsókn til að segja frá eigin upplifun af þessum heillandi en harða „bransa“.

**Námsmat:** Byggir á símati og verkefnum, bæði einstaklings- og hópverkefnum. Hugsanlega verður eitt próf.

**Kennslustundir:** Tvær á viku.

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennari:** Kristján Hrafn

## Legó forritun og hönnun (LEG 9002)

Nemendur vinna tveir til þrír saman í hóp við að hanna og forrita Legóvélmenni. Þeir læra að byggja bæði lítil og stór vélmenni og forrita hreyfingar með einföldum hugbúnaði. Einnig forrita nemendur vélmennið til að leysa þrautir og er það sköpunargáfan sem ræður ríkjum í

þrautalausnum. Þessi einfaldi hugbúnaður gerir það að verkum að það eina sem þarf er skapandi hugsun og smá verkvit og þá er fátt skemmtilegra.

### Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:

- Auki samvinnufærni sína
- Sé skipulagður og agaður í vinnubrögðum
- Æfist í að leyta lausna á vandamáli og leysa þau á tæknilegan hátt
- Átti sig á samhengi hlutana þegar kemur að því að leysa flóknar þrautir
- Sé úrræðagóður í sinni lausnarleit og sýni frumkvæði í verki
- Hafi gaman af því að skapa og sé frumlegur í hugsun.

### Námsmat:

Námskeiðinu skipt upp í lotur og nemandi fær bókstaf fyrir hverja lotu. Tekið er mið af hæfniviðmiðunum sem liggja til grundvallar hverju sinni. Einn lokabókstafur gefinn í lok árs.

**Kennari:** Ragnheiður Stephensen

**Kennslustund:** 2 klst. á viku.

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 9. bekk**

## Leiklist (LEI 3002)

### leiktækni og sköpun

Viðfangsefni	Fyrir þá sem...	Skilyrði
Leiktækni Spuni Karaktersköpun Traustæfingar Flæðiskrif Tjáning Raddbeiting Textameðferð Líkamsvitund Samsköpun	- hafa áhuga á leiklist - vilja þjálfa sig eða undirbúa fyrir frekara nám - vilja efla sjálfstraustið - langar til að ögra sjálfum sér - eru forvitnir - hafa áhuga á fólki og mannlegri hegðun	<b>Áhugi</b> er lykilatriði  <b>Opinn hugur</b> - ekki dæma fyrirfram (hvorki æfingar né fólk) - vertu tilbúin/-n til að fara út fyrir þægindasvið þitt

### Ástundun og virkni

- góð mæting og virkni í tímum er mikilvæg í leiklist

### Virðing

- fyrir samnemendum, kennara og vinnunni okkar.

### Námsmat:

- Einkunn í bókstöfum, metin út frá hæfniviðmiðum.

**Kennslustundir eru tvær samliggjandi klst. á viku.**

**Pennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennari:** Lana Íris Dungal

***ATH. Gert er ráð fyrir því að nemendur í leiklistarvali komi að leiksýningu Garðalundar á einn eða annan hátt.***

## **Leir og gler og önnur skapandi vinna (LOG 3002)**

Í áfanganum Leir og gler verður unnið að mörgum ólíkum verkefnum.

Áhersla verður á vinnu með leir og gler en einnig verður unnið að skapandi verkefnum t.d. í pappamassa, steypu, leður og jafnvel tré. Lagt er áhersla á að nemendur læri að vinna með þau ólíku efni sem boðið er upp á og alla þá möguleika sem þeim tengjast.

Í leir verður hægt að vinna skúlptúr, lágmynd og nytjahluti eins og skál og bolla eða annað sem nemendum dettur í hug. Nemendur fá að prufa að renna leir á rennibekki og er skylda að gera a.m.k. eitt verkefni. Einnig verður kennt að vinna með fljótandi leir sem hellt er í þar til gerð mót. Nemendur fá einnig að kynnst því að búa til sín eigin mót sem er undirstaða fjöldaframleiðslu á nytjahlutum úr postulínsleir. Í leirmunagerð verða einnig nokkrar aðferðir kenndar til skreytingar.

Í glervinnslu verður unnið í tvennskonar gler: rúðugler og Bullseye-gler. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast gler, geti skorið það, þússað og þrifið og notað glerliti. Hægt verður að vinna að mynd, nytjahlut eins og skál eða kertastjaka og einnig verður kennt að gera skartgripni úr gleri.

Skylduverkefni verða lögð fyrir en einnig verður frjáls hönnun verkefna. Í lok skólaárs vinna nemendur að lokaverkefni að eigin vali og nota það efni sem þeir hafa mestan áhuga á að vinna með.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn geti:**

- sýnt og útskýrt vinnuferli hugmyndar að lokaverki.
- beytt fjölbreyttum aðferðum og tækni við vinnu verkefna.
- skrásett og sett fram hugmyndir í vinnuöppu.
- vegið og metið eigin verk af raunsæi.
- beytt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra að skapandi verkefnum.
- nýtt sér vefmiðla, blöð og bækur við hugmyndaleit og verkefnavinnu.

**Námsmat:** lögð er áhersla á leiðsagnarmat allt skólaárið og nemendur aðstoðaðir við eigið sjálfsmat.

**Kennari: Auður Edda Geirsdóttir**

**Kennslustund --- 2 á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

### **Leshringur (LES 3001)**

Lestrarhestar fá útrás fyrir bóklestur hvers konar, íslenskar bókmenntir og þýddar, jafnvel ljóð og leikrit. Hugsanlega hægt að tengja leikhúsferð eða öðrum upptákum s.s bókakynningum. Valgrein fælur í sér lestur og spjall um bækur, upplestur og umfjöllun um bækur.

**Kennslustund --- 1 á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. Bekk**

### **Líffræði (LÍF 2002)**

Grunnáfangi í framhaldsskólalíffræði.

Fjallað um lífverur, sníkjudýr og áhrif þeirra á menn, næringarfræði og skortsjúkdóma. Í boði er að taka próf í FG í lok skólaársins og fæst valgreinin þá metin þar.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:**

þekki byggingu og starfsemi örvera (veira, gerla (baktería), frumdýra og sveppa).

Skilji samspil örvera við aðrar lífverur í náttúrunni.

Geti gert grein fyrir notagildi örvera og skaðsemi þeirra

Geti gert grein fyrir helstu sjúkdómum í mönnum, orsökum þeirra og vörnum gegn þeim.

Skilji hver er undirstaða í næringarfræði.

Hafi greinargóða þekkingu á æxlun manna og getnaðarvörnum.

**Námsmat:**

**Verklegar æfingar, próf og verkefni.**

**2 Kennslustundir á viku.**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk.**

### **Lopapeysan (PRJ 3001)**

Markmið: Að nemandi:

- fái grunnþjálfun í prjóni og nái að bæta við þá kunnáttu sem fyrir er.
- þjálfist í að lesa uppskriftir á íslensku, vinna eftir þeim og aðlaga.
- læri að njóta þeirrar slökunar sem felst í því að geta prjónað.
- geti prjónað og horft á kvikmynd og munum við þjálfva það með því að horfa saman á mynd eða þætti leið og prjónað er.

Verkefni: Stefnt er að því að allir nái að þrjóna sér sína eigin lopapeysu á skólaárinu. Þar er hægt að fara einfalda leið til að ná markmiðinu eða velja flóknari uppskrift.

Námsmat: Felst aðallega í vinnusemi í tímum og heima, sjálfstæði í vinnubrögðum og verkefnum.

**Kennslustund er ein á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennari:** Guðrún Björk Einarsdóttir

## Málfræðigrunnur (MÁL 3001)

Í áfanganum verður lögð áhersla á að styrkja grunn nemenda í málfræði. Við skoðum m.a. orðflokkan og einkenni þeirra, orðhluta, hljóðbreytingar og setningarhluta. Einnig verður fjallað um málnotkun.

Vinnan fer að nokkru leyti fram í gagnvirkum forritum en einnig í annarri verkefnavinnu og umræðum um viðfangsefnið. Engin heimavinna verður í áfanganum.

Í Málfræðigrunni eru engin próf en hæfni verður metin með fjölbreyttum verkefnum sem unnin verða í kennslustundum.

Markmiðið með áfanganum er að nemendur fái betri grunnþekkingu í helstu þáttum málfræðinnar.

**Kennari:** Gísli Rúnar Konráðsson.

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennslustund er ein á viku.**

## Myndlist (MYN 3002)

Unnið verður með teikningu, málun, grafík, leir og fl.. Markmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum við sjónræna sköpun sem eflir þá í sjálfstæði í vinnubrögðum. Lögð er áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun með samræðum við nemendur um þeirra eigin verk og annarra. Nemendur fá fræðslu í listasögu samhliða verkefnavinnu og er sjónum beint að gagnrýnu hlutverki sjónlista í samfélaginu.

Í lok skólaársins vinna nemendur að lokaverkefni að eigin vali og nota það efni sem þeir hafa mestan áhuga á. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjalfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

**Kennslustundir eru tvær á viku; 2x60 mín.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennari:** Ingimar Waage

## Nemendaráðgjöf (NEM 3001)

Nemendaráðgjöf er m.a. byggð á þeirri hugmynd að unglingar leita oft til vina eða jafningja ef þeir eru í vanda eða þurfa að taka einhverja mikilvæga ákvörðun. Nemendaráðgjöf felst í því að nemendur skólans bjóða sig fram til að vera nemendaráðgjafar eða velja það í vali og eru í framhaldinu valdir í hlutverkið eftir viðtal við námsráðgjafa.

Hlutverk nemendaráðgjafa í Garðaskóla verður m.a. að styðja og aðstoða einstaka nemendur, sinna fræðslu, vinna að bættum samskiptum og aðstoða nýja nemendur skólans. Frekari verkefni verða valin í samráði við nemendaráðgjafa hverju sinni en þeir starfa með og undir leiðsögn námsráðgjafa skólans.

Þeir sem taka að sér að vera nemendaráðgjafar þurfa m.a. að:

- láta sér annt um líðan annarra
- vera heiðarlegir og traustir
- hafa áhuga á að góður andi ríki í skólanum
- vera tilbúnir að vera með jafningjafræðslu
- vera góðar fyrirmyndir fyrir jafnaldra sína

Verkefni nemendaráðgjafa síðustu ár hafa m.a. verið:

- Kynning á Garðaskóla fyrir nemendum í Flata- og Hofsstaðaskóla
- Móttaka nýrra nemenda
- Taka á móti gestum og sýna skólann
- Vinna gegn einelti
- Fræða yngri nemendur um einelti ofl.
- Hlúa að félagslega veikari nemendum
- Fylgjast með því sem betur má fara í skólanum

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

**Kennslustund er ein á viku.**

## Næringarfræði (NÆR 3001)

Fjallað verður um næringarefni, sem við fáum út matnum, orkuþörf og ráðlagða dagskammta auk þess sem farið verður í ráðleggingar um mataræði og lífsstíl.

Töluverð áhersla verður á næringu og íþróttir.

Auk þess verður fjallað um aukefni í matvælum, fæðutengda sjúkdóma, fæðuofnæmi og óþol, sérfæði geymsluþol og merkingar matvæla.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn öðlist m.a þekkingu og skilning á:**

- ráðleggingum um mataræði
- samspili næringar og heilsu.
- helstu efnum sem líkaminn þarfnast, orkuefnum og vítamín og steinefnum
- hvernig orkuþörf líkamans er áætluð og hvaða þættir hafa áhrif á orkuþörf
- hlutverki helstu steinefna og vítamína í líkamanum og skortseinkennum þeirra.
- ólíku fæðuvali og fæðubótarefnum, kostum þeirra og göllum
- næringarþörfum íþróttafólks.

**Námsmat:** mat á verkefnum og skýrslum

**Kennari:** Ragnheiður Ásta Guðnadóttir

**Kennslustund** --- 1 á viku.

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk**

### **Rythmísk hringekja (RYT 3001)**

Markmið áfangans er að nemendur öðlist grunnfærni á ritmísku hljóðfærin fjögur: rafgítar, rafbassa, hljómborð og trommur/slagverk. Fjórir kennarar frá Tónlistarskólanum kenna nemendunum. Kennt er á hvert hljóðfæri í um 8 vikur og í lokin eru myndaðar hljómsveitir og spiluð lög í samræmi við getu hvers hóps. Umsjónarmaður Ritmísku hringekjunnar er Ómar Guðjónsson deildarstjóri í Tónlistarskóla Garðabæjar.

**Þennan áfanga er hægt að velja annað hvort í 9. eða 10. bekk.**

**Kennslustund er ein á viku.**

### **Seinni heimsstyrjöldin (SHE 2001)**

Seinni heimsstyrjöldin var á árunum 1939-1945. Í þessum áfanga er farið ítarlega í orsök og afleiðingar stríðsins, stærstu orrustur, stærstu atburði og mikilvægustu einstaklinga tímabilsins.

Sérstök áhersla er lögð á notkun kvikmynda og þáttasería í kennslu efnisins. Í kjölfar eru umræður og verkefni. Engin próf eru í áfanganum.

**Markmið:**

Nemandi öðlist djúpstæða þekkingu á síðari heimsstyrjöldinni. Farið er dýpra í efnið og notaðar verða kvikmyndir og þættir til þess að nemandur fái enn betri tilfinningu fyrir stríðinu. Í kjölfarið eru umræður og verkefni.

**Námsmat:** Umræður og verkefni

**Kennari/kennarar:** Hilmar Sigurjónsson

**Kennslustund:** 1 klukkustund á viku.

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk.**



## Skartgripagerð og föndur í smíðastofunni (SKA 3001)

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að föndra allskonar hluti úr allskonar efnum. Hanna skartgripi eða sambærilega hluti úr málmum eða annarskonar efnum. Nemendur hanna og smíða eftir sínum eigin hugmyndum. Hér er lögð áhersla á að vera skapandi og þá eru möguleikarnir óþrjótandi hvað hægt er að gera.

Þar sem kennslan er eingöngu verkleg er virkni í tímum mikilvæg og góð mæting skilyrði. Verkefnaval er að öllu leiti í höndum nemenda en þó innan ákveðinnar marka.

### Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:

þjálfist í gagnrýnni hugsun gagnvart eigin verkum og sé meðvitaður um nám sitt á skapandi og persónulegan hátt.

**Námsmat:** Gefin er vinnueinkunn eftir hvern tíma sem þar sem iðni, vinnubrögð, frumkvæði og framkvæmd verkefna eru metin. Þessi einkunn er svo lögð saman í loka annar og gildir 40% af lokaeinkun. Verkefnin gilda 60% þar sem 10% er sjálfsmat nemenda.

**Kennari:** Sýlvía B. Gústafsdóttir

**Kennslustund** 1 stund á viku.

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Skólahreysti (SKÓ 3001)

Markmið með valfaginu er að:

- Lögð verður áhersla á æfingar sem auka færni nemenda í skólahreysti, eins og styrk, úthald, hraða og snerpu.
- Ýmsar hraðaprautir, stöðva- og þrekhringir, leikir og trampólín æfingar
- Áhersla á ýmiss tækniatriði og reglur í sambandi við skólahreystibrautina
- Nemendur fá fræðslu um rétt mataræði, þjálfunar- og hámarkspúls, og mikilvægi hreyfingar

Markmið okkar er að þjálfa fulltrúa Garðaskóla fyrir hina árlegu skólahreystikeppni Grunnskóla

**Kennslustaðir:** Útihreystibraut, fimleikasalur

Námsmat byggir á ástundun þátttöku og virkni í tímum þátttakendur bæði stelpur og strákar.

**Kennari:** Ólafur Gíslason

**Kennslustund** er ein á viku.

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Slökun (SLÖ 2001 )

### Markmið og hæfniviðmið:

Í slökun er aðaláherslan lögð á að nemendur kynnist tækni við það að öðlast hugarró. Farið verður í grunnþætti slökunar, mikilvægustu þættir hennar eru djúp öndun og góðar teygjur. Teygjur eru slökun og þær stuðla að góðu jafnvægi í líkamanum. Einnig er stefnt að nemendur nái færni í yoga stöðum og þjálfist í fjölbreyttum æfingum. Jafnframt vinna nemendur með svokallaðar nuðdrúllur. Rúllurnar eru gott tæki til að mýkja stærstu vöðvahópana og viðhalda liðleika. Margir nemendur þekkja þessar rúllur því þær eru orðnar mikilvægur hluti af þjálfun í mörgum íþróttagreinum.

Jafnframt munum við einbeita okkur að tjáningu og miðlun ásamt skapandi og gagnrýna hugsun. Að geta verið innan um aðra nemendur á jákvæðan hátt, kunna að taka tillit tilhvers annars. Að nemendur taki þátt í uppbyggilegum samræðum.

**Námsmat:** virkni í kennslustundum, samvinna og viðmót. Að nemandi geti framkvæmt þær æfingar sem unnið er með hverju sinni, skilmerkilega fyrir framan hóp samnemenda.

Tímarnir eru verklegir því er gott að mæta í þægilegum klæðnaði/íþróttafötum

### Kennari: Svandís Ríkharðsdóttir

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk.** Áfanginn er ekki kynjaskiptur.

**Kennslustund er ein á viku.**

## Smíði og nýsköpun (SMÍ 3002)

Smíði og nýsköpun gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handar og upplifa, skapa og tjá sig á þann hátt sem hentar nemandanum í gegnum verkefni sín. Byggt verður ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar tileinkað sér í smíði. Nemendur vinna eitt verkefni eftir gefinni forskrift kennara, síðan velja nemendur sér verkefni sem getur verið nánast hvað sem er úr málm, tré, plast eða því efni sem tilfellur. Lögð verður áhersla á að nemendur hanni og útfæri sín verkefni sjálfir. Í þessum tíma er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir og vinnusamir.

### Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:

geti valið og þróað eigið verkefni, útfært á skapandi og persónulegan hátt, verið sjálfstæður og ábyrgur í þeirri verkefnavinnu sem fer fram.

**Námsmat:** Gefin er vinnueinkunn eftir hvern tíma sem þar sem iðni, vinnubrögð, frumkvæði og framkvæmd verkefna eru metin. Þessi einkunn er svo lögð saman í loka annar og gildir 40% af lokaeinkun. Verkefnin gilda 60% þar sem 10% er sjálfsmat nemenda.

### Kennarar: Árni Már Árnason og Sýlvía B. Gústafsdóttir

**Kennslustund 2 stundir á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

### **Stærðfræði, flugferð (STÆ 9044)**

Markmið þessa hóps er að ljúka grunnskólanámi í stærðfræði að vori. Til að velja þennan áfanga þarf nemandi að hafa verið í flugferð í 8. bekk og með lágmarkseinkunina B.

Nemendur í þessum hópi fara í fjölbrautaáfangana í stærðfræði í 10. bekk og læra þá svipað námsefni og kennt er í fyrsta ári í framhaldsskóla

**Markmið:** Að Klára allt námsefni til grunnskólaprófs í stærðfræði

**Námsmat:** Próf, skilverkefni og verkleg verkefni.

**Kennari:** Elena Einisdóttir og Svandís Ríkharðsdóttir

**Kennslustundir eru 4 á viku**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 9. bekk**

### **Heimanám í stærðfræði (STÆ 3001)**

Markmið áfangans er að hjálpa nemendum með heimanámið í stærðfræði. Það hefur færst í aukana að nemendur geti ekki fengið hjálp með heimanámið í stærðfræði og því nauðsynlegt að bjóða upp á þetta valfag til að nemendur nái betri tókum á þessari mikilvægu grein.

**Markmið:** Að aðstoða nemendur við heimanámið í stærðfræði

**Námsmat:** Ekkert námsmat

**Kennslustundir:** 1 klst á viku

**Þennan áfanga er hægt að velja bæði í 9. og 10. bekk**

### **Heimanám í stærðfræði (STÆ 2002)**

Markmið áfangans er að hjálpa nemendum með heimanámið í stærðfræði. Það hefur færst í aukana að nemendur geti ekki fengið hjálp með heimanámið í stærðfræði og því nauðsynlegt að bjóða upp á þetta valfag til að nemendur nái betri tókum á þessari mikilvægu grein.

**Markmið:** Að aðstoða nemendur við heimanámið í stærðfræði

**Námsmat:** Ekkert námsmat

**Kennslustundir:** 2 klst á viku

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk**

## Stærðfræði, fjölbrautaráfangi (Stæ 2104)

Til að velja þennan áfanga þarf nemandi að hafa verið í flugferð í 9. bekk og með lágmarkseinkunina B. Kenndur verður 2. þreps áfangi á haustönn þar sem nemendur geta þreytt próf í FG til að eiga möguleikann á að fá áfangann metinn í öðrum skólum en FG og á vorönn verður valið efni úr 3. stigs áföngum sem ekki er metið en undirbýr nemendur undir áframhaldandi stærðfræðináám.

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:**

### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tölum, mengjum og algebru
- algengum reiknireglum og algebrubrotum
- jöfnum og ójöfnum af fyrsta og öðru stigi
- föllum
- margliðum
- veldareglum og venslum velda og róta

### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota táknmál stærðfræðinnar
- vinna með tölur, almenn brot og algebru
- leysa jöfnur og ójöfnur á fyrsta og öðru stigi
- vinna með föll, margliður og algildi
- beita stærðfræðilegri framsetningu

### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra á viðeigandi hátt
- beita skipulegum aðferðum við leit að lausnum á þrautum og geta útskýrt aðferðir sínar
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og geta unnið með þau
- geta greint og hagnýtt upplýsingar á sviði stærðfræði sem birtast m.a. í fjölmiðlum
- átta sig á og gera greinarmun á nauðsynlegum og nægjanlegum skilyrðum fyrir lausnum verkefna
- beita gagnrýnni og skapandi hugsun við lausn verkefna og þrauta
- geta fylgt og skilið röksemdarfærslur í mæltu máli og texta

**Námsmat: Skiladæmi og próf**

**Kennari/kennarar: Elena Einisdóttir**

**Kennslustundir eru 4 á viku.**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk.**

## Tækniráðgjafi og aðstoð í upplýsingaveri (TÆK 2001)

Besta leiðin til að læra er að kenna öðrum. Ráðgjafar í nýju upplýsingaveri Garðaskóla munu meðal annars aðstoða nemendur og kennara með tæknileg vandamál, aðstoða við útlán og umsjón gagna og önnur verkefni í samráði við starfsfólk upplýsingaversins. Nemendur munu getað sérhæft sig í ákveðnum verkefnum eftir áhugasviði.

Ekki er þörf á fyrri þekkingu í tæknimálum en þjónustulund og áhugi á upplýsingatækni er þó nauðsynleg.

**Kennslustund er ein á viku, mismunandi tímasetning fyrir hvern nemanda.**

**Nemendur í 10. bekk geta valið þennan áfanga.**

## Verk- og listgreinaval Tækniskólans í Hafnarfirði (IÐN 2003)

Markhópur: 10. bekkingar í grunnskólunum sem vilja kynnst frekar vinnulagi og aðferðum í verk- og listnámi til að undirbúa sig fyrir framhaldsnám.

*Markmið:*

- Að kynna nemendum uppbyggingu iðnnáms og möguleikum framhaldsmenntunar að því loknu.
- Að auðvelda grunnskólanemendum námsval í framhaldsskóla
- Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein
- Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.
- Öryggisatriði við vinnu á verkstæðum

*Viðfangsefni:*

Nemendur kynnst ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi sex viðfangsefnum:

1. Listnám (formlistir, sjónlistir)
2. Tréið
3. Málmið
4. Rafið
5. Hársnyrtiið
6. Pípulagnir

Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á viku, 3 x 40 mín.

**Kennst er einu sinni í viku í Tækniskólanum í Hafnarfirði.**

**Þennan áfanga er einungis í 10. bekk.**

## Þýska (ÞÝS 2002)

Þessi valáfangi er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á að öðlast grunnkunnáttu í þýsku. Í áfanganum er leitast við að kenna nemendum einfaldan orðaforða og að geta nýtt hann til að tjá sig í töluðu og rituðu máli. Einnig verða kennd grunnatriði þýskrar málfræði.

### Markmið

- Að öðlast grunnorðaforða í þýsku
- Að ná grunnfærni í töluðu þýsku máli
- Að geta lesið og skrifað einfaldan texta á þýsku
- Að læra grundvallarmálfræðiatríði í þýsku

**Kennsluaðferðir:** Innlagnir, ýmsar æfingar í að tjá sig á þýsku í töluðu og rituðu máli, einstaklings- og hópavinna

**Námsgögn:** Námsbækur og ítarefni frá kennara

**Kennari:** Sigríður Anna Ásgeirsdóttir

**Námsmat:** Regluleg verkefnaskil, vinnuframlag í tímum og framfarir, alls 100%.

**Þennan áfanga er aðeins hægt að velja í 10.bekk**

**Kennslustundir eru tvær á viku.**